

Málsnúmer 2003042

Dalabyggðar Málskírt

8. des. 2020

Aðferðsþáttur 09.02.02



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
Kennitala: 440113-0280

Pórður Már Sigfússon  
skipulagsfulltrúi  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Mánudagur, 30. nóvember 2020  
MÍ202011-0132 / 6.08 / M.A.S.

## Efni: Breyting á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkugarðs í landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð

Með tölvupósti, dagsettum 24. nóvember 2020 óskaði Pórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi Dalabyggðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingar á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkugarðs í landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð.

Fornleifaskráning var gerð yfir skipulagssvæðið 2018 (Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs*. Fornleifafræðistofan 2018).

Fram kemur í skýrslu að minjar teljast vera lítilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda að óbreyttu. Líklega er hægt að sneiða hjá fornleifum í flestum tilfellum, ef ekki öllum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisáðgerða við þegar svæðið verður skipulagt nánar. Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnfraamt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskad eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal vera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.